



## Fundargerð

**3. fundur Byggingarnefndar Skaftárhrepps,  
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,  
fimmtudaginn 27. febrúar 2025.**

### Fundinn sátu:

Björn Helgi Snorrason, Elín Heiða Valsdóttir, Hörður Eyþórsson og Helgi Guðmundsson.

**Fundargerð ritaði:** Helgi Guðmundsson, .

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 16.00.

### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2502004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa

- 1.1 2502031 - Rekstrarleyfi

#### **Niðurstaða Leyfisveitingar Sýslumanns - 2**

*Heilbrigðiseftirlit Suðurlands óskaði eftir umsögn byggingarfulltrúa um húsnæði ÁTVR. Niðurstaða umsagnar var að húsnæðið er í lagi að mati fulltrúa og ekki voru gerðar athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfi.*

#### **Staðfest af Byggingarnefnd.**

- 1.2 2502001 - Umsagnarbeiðni vegna breytingu á gildandi rekstrarleyfi Geirland

#### **Niðurstaða Leyfisveitingar Sýslumanns - 2**

*Umsókn um breytingu á gildandi rekstrarleyfi til sölu gistingar eða veitingu veitinga. Aukið er gistirými og staekkaður veitingasalur og verður: Geirland 219-0957 060101 105 veitingar Geirland 219-0957 070101 52 gisting Geirland 2190957 160101 76 gisting Afgreiðslutími áfengis: Alla daga frá kl: 08:00 til 02:00. Hámarksgestaföldi: 80 gestir Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við erindið.*

#### **Staðfest af Byggingarnefnd.**

2. 1612001 - Gröf - Byggingarleyfi 2016

*Jón Geir Ólafsson í Gröf hefur hug á að sækja um byggingarleyfi fyrir byggingu íbúðarhúss og bílskúr á jörðinni Gröf og eru gögn þess efnis.*

**Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.**

HE  
ETH  
BHS



### 3. 2411039 – Stöðvarhús í Skál

Sótt er um að endurbyggja stöðvarhús og stíflu á sama stað og núverandi hús er staðsett. Gamla stöðvarhúsið var byggt 1951 og verður grunnflötur hússins sá sami og áður fyrr. Lagt verður upp með að form og útlit stöðvarhússins verði sem næst upprunalegri útgáfu. Núverandi stífla hefur eyðilagst í gegnum árin og er áætlað að endurbyggja stíflu á sama stað og eldri stífla. Ný fallpípa verður lögð frá nýrri, endurbyggðri stíflu að nýju stöðvarhúsi. Reynt verður eftir mesta megni að halda lagnalegu nýju lagnarinnar við legu gömlu lagnarinnar.

**Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.**

### 4. 1706004 - Mörtunga 2

Sótt er um leyfi að byggja tvö gestahús við hlið þeirra sem fyrir eru. Hér er um að ræða tvö gistihaus í Mörtungu 2 í Skaftárhreppi. Húsin eru viðbót við ferðaþjónustu sem rekin er á svæðinu. Í húsinum eru eitt svefnherbergi, baðherbergi og alrými sem rúmar eldhúskrók og setustofu. Svefnloft er yfir innri hluta.

**Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.**

### 5. 2502033 - Umsókn um byggingarleyfi, Klausturhólavegur 2 og 4

Sótt er um leyfi til þess að stækka 8 íbúðir inn í sameiginlegt miðrými sem liggur þeirra á milli. Stækkinin inniheldur nýtt anddyri fyrir íbúðirnar og sturtu. Sagað verður gat í burðarvegg sem liggur milli baðherbergis og sameiginlega rýmisins til að byggja út sturtu. Eimig verður vindfang sem liggur úr út úr miðrýminu til suðurs stækkað (rými 0107 á teikningum). Nýju björgunaropi verður komið fyrir í glugga út frá svefnherbergjum. Að öðru leyti er últiti byggingarinnar ekki breytt. Aðrar byggingarleyfisskyldar breytingar verða ekki gerðar.

**Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.**

### 6. 2502035 - Umsókn um byggingarleyfi, Skriðuvellir 11

Sótt er um leyfi að breyta Skriðuvöllum 11 í tvær íbúðir. Byggingarár hússins er skráð 1977. Ríkið byggði húsið sem dýralæknisbústað, ibúð og skrifstofu ásamt sérstæðri tvöfaldri bílgeymslu. Skaftárhreppur eignaðist húsið í makaskiptum árið 2023. Þá var húsið í verulegri niurníðslu og hafði verið einangrað og klætt utan með Steni. Ekki liggur fyrir hvernig eða hvenær það var gert. Nú er húsinu breytt í tvibýlishús í notkunarflokki 3

**Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.**

HE  
THV  
DHS



7. 2502036 - Hrífunes 1B byggingarleyfi

Sótt um byggingarleyfi til að reisa 12 eininga gistihús úr timbri á lóðinni Hrífunes lóð B til viðbótar við þau hús sem þar eru.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps frestar afgreiðslu málsins vegna þess að gera þarf nýtt deiliskipulag fyrir lóðina og uppfylla kröfur um slökkvivatn.

8. 2502038 - Umsókn um byggingarleyfi, Múli

Sótt er um leyfi fyrir að byggja  $221m^2$  geymslu á jörðinni Múla í Skaftárhreppi. Byggingin er límrésbygging, klætt með yleiningum.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram

9. 2502039 - Umsókn um leyfi til niðurrifs byggingar, Efri-Hraunbær.

Umsókn um leyfi til niðurrifs á húsum í landi Efri Hraunbæjar.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir áform um niðurrif.

10. 2502033 - Umsókn um byggingarleyfi, Túnagata 1

Breyting:

Á 1. hæð í matshluta 5 (á aðkomuhæð frá Tíungötu) eru gerðar tvær íbúðir þar sem áður var sorpgeymsla og yfirbyggt rými annarsvegar (SV horn hússins) og óráðstafað rými hinsvegar (SA horn hússins). Íbúðirnar eru hugsaðar fyrir starfsfólk hjúkrunarheimilisins. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á húsinu. Birt flatarmál hússins var áður  $1110,9m^2$  en stækkar um  $12m^2$  og verður  $1122,9m^2$

Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram

11. 2502040 - Umsókn um byggingarleyfi, við Skaftárskála

Um er að ræða uppbyggingu á rafmagnshleðslum fyrir ökutæki. Auk þess er komið fyrir á lóð spennistöð sem er undir  $15 m^2$ . Komið er fyrir alls tveimur afgreiðslueyjum fyrir allt að átta ökutæki samtímis, þar af er eitt merkt fyrir hreyfihamlaða. Allur búnaður fyrir rafmagnshleðslur kemur fullbúinn til uppsetningar. Búnaðurinn er boltaður á forsteyptar einingar. Engar breytingar eru gerðar á núverandi mannvirkjum.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps vísar málinu til Skipulagsráðs.

Fleira ekki gert,  
fundí slitið kl. . 17.29

HE  
ETH  
BMS



Björn Helgi Snorrason  
Björn Helgi Snorrason

Elin H. Valsd.  
Elín Heiða Valsdóttir

Hörður Eyþórsson  
Hörður Eyþórsson